

**Bréf fjármálaráðuneytisins til vélaverkstæðisins Foss, um toll-
flokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða.**

115
24. okt.

Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, dags. 7. þ. m., varðandi tollflokkun á vélum til brýningar sláttuvélarblaða, og úrskurðar af því tilefni að umræddar brýningarvélar skuli flokka sem vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu og eiga þær samkvæmt því að teljast í 72. kafla 21 tollskrár.

REGLUR

116
13. ágúst

um hreindýraveiðar í Múlasýslum árið 1955.

1. gr.

Árið 1955 skal heimilt að veiða allt að 600 hreindýr í Múlasýslum. Skal veiðin fara fram á tímabilinu 20. ágúst til septemberloka. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlitsmaður hreindýranna með lenging veiðitímans.

2. gr.

Hreindýraveiðar skulu fara fram undir umsjá hreindýraeftirlitsmanns og aðstoðarmanna, er hann kann að kveðja til.

3. gr.

Tala þeirra dýra, sem heimilað er að veiða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

(1) Fljótsdalshreppur	150 hreindýr
(2) Jökuldalshreppur	130 —
(3) Fellahreppur	80 —
(4) Tunguhreppur	75 —
(5) Hlíðarhreppur	30 —
(6) Hjaltastaðahreppur	15 —
(7) Skriðdalshreppur	43 —
(8) Vallahreppur	25 —
(9) Egilsstaðahreppur	7 —
(10) Eiðahreppur	15 —
(11) Beruneshreppur	15 —
(12) Geithellnahreppur	15 —

Samtals 600 hreindýr

4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta.

5. gr.

Hreppsnefndir þeirra hreppa, sem að framan eru nefndir, sjá um veiði þeirra hreindýra, sem þeim eru ætluð samkvæmt 3. gr. Skulu hreppsnefndir, hver í sínu

18

116 undæmi, fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitiöld sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð.

6. gr.

Þá eina má fá til þess að veiða hreindýr, er eftirlitsmaður hreindýra samþykkir. Skulu þeir fá sérstakt, skriflegt leyfi frá eftirlitsmanninum. Ber þar að greina, auk nafns og heimilis leyfishafa, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) megi nota, á hvaða svæði leyfið gildi, hve mörg dýr leyfishafi megi veiða og fyrir hvern hann veiði.

Leyfishafi skal bera leyfið á sér þegar hann er við veiðar og sýna, ef krafizt er.

Hreindýraeftirlitsmaður skal tilkynna sýslumönnum Norður- og Suður-Múlasýslu nöfn leyfishafa jafnóðum og leyfin eru gefin út, svo og ráðuneytinu.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal gæta þess vandlega að leyfa eigi að veiða hreindýr á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagrænist, heldur á stöðvum aðalhjarðarinnar eða þar sem ætlunin er að bæjja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður skal sjá um, eftir því sem unnt er, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir vöxt og viðgang hjarðarinnar.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmaður annast eftirlit með veiði hreindýranna, sbr. 2. gr. Skal greiða honum 40.00 krónur fyrir hvert dýr, sem leyft er að veiða, og gengur gjaldið til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlitið.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 10 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.